



Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2017

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um fjármálaáætlun 2018-2022. Þingsályktunartillaga, lögð fyrir 146. löggjafarþing 2016-2017, 402. mál.

Háskóla Íslands var ekki send þingsályktunartillagan til umsagnar en telur nauðsynlegt að setja enn og aftur fram sjónarmið sín, þar sem stjórnvöld hafa á undanförunum árum ítrekað gefið fyrirheit um að fjármögnun háskólans verði í takt við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Fulltrúar allra stjórnsmálaflokka áréttuðu jafnframt slík fyrirheit í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Þessu sér hins vegar ekki stað í framlagðri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018-2022 og gengur í reynd þvert á þau almennu markmið sem sett eru í áætluninni um styrkingu innviða samfélagsins. Innviðir verða ekki styrktir án menntaðs starfsfólks og öflugra rannsókna. Augljóst dæmi er heilbrigðiskerfið.

Með fylgir ályktun háskólaráðs sem samþykkt var á fundi ráðsins 6. apríl sl. Þar er lýst miklum áhyggjum af stöðu mála, verulegum og langvarandi niðurskurði opinberra framlaga og undirfjármögnun sem setur gæði skólastarfsins í raunverulega hættu.

Fulltrúum allra stjórnsmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi hafa verið kynntar upplýsingar um rekstur Háskóla Íslands og þann alvarlega vanda sem hann stendur frammi fyrir. Skorað er á fjárlaganefnd og þar með Alþingi að bregðast við vanda háskólans og tryggja með afgerandi hætti rekstrargrundvöll hans til framtíðar.

Fulltrúar háskólans eru boðnir og búnir til viðræðna við fjárlaganefnd til nánari skýringa og upplýsinga ef óskað er eftir því.

Virðingarfyllst,

f.h. Háskóla Íslands,

Jón Atli Benediktsson, rektor

Fylgigögn:

Ályktun háskólaráðs Háskóla Íslands 6. apríl 2017